



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN



Landlæknisembættið
Sóttvarnalæknir

STÖÐUSKÝRSLA - JANÚAR 2008

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN VEGNA HEIMSFARALDURS INFLÚENSU

Áætlanagerð vegna heimsfaraldurs influensu hefur nú staðið yfir síðan vorið 2006. Verkefnastjórn hefur haldið 36 fundi frá upphafi og stýrihópur hefur fundað 17 sinnum. Að auki hafa aðilar stýrihóps haldið 10 fundi á landsbyggðinni með lögreglustjórum og sóttvarnalæknum. Í upphafi voru skipaðir 27 vinnuhópar til þess að gera áætlanir um einstök verkefni í landsáætlun vegna heimsfaraldurs influensu. Allir þessir vinnuhópar hafa skilað sínum niðurstöðum sem settar hafa verið inn í landsáætlun. Um 100 manns hafa setið í þessum vinnuhópum og starfsemin hefur einkennst af þverfaglegum vinnubrögðum og “multisectoral nálgun”. Þessi verklagsaðferð hefur gefið mjög góða raun. Í árslok 2007 voru myndaðir þrjú nýir vinnuhópar en það eru: hópur um órofinn rekstur nauðsynlegra fyrirtækja, hópur um hjálparsíma og hópur um alþjóðasamskipti. Þessir hópar eru að störfum og stefnt er að verklokum þeirra fyrir vorið 2008.

Landsáætlun vegna heimsfaraldurs influensu er nánast tilbúin og yfirlstrarferlið mun hefjast í febrúar 2008. Þeir aðilar og þær stofnanir sem hafa hlutverk í áætluninni munu hafa tækifæri til að lesa áætlunina yfir og koma með athugasemdir áður en áætlunin fer í frekari dreifingu. Gert er ráð fyrir að yfirlstrarferli verði lokið í vor og að þá verði áætlunin sett í prentun og jafnframt vistuð á vefsíðu almannavarnadeildarinnar, www.almannavarnir.is og einnig á influensuvefnum, www.influenza.is

Úttekt Sóttvarnarstofnunar Evrópubandalagsins

Fulltrúar frá Sóttvarnarstofnun Evrópubandalagsins (ECDC) dvöldu hér á landi dagana 9. til 11. október og tóku út viðbúnað Íslendinga vegna heimsfaraldurs influensu. Skoðunaraðilar ECDC hittu fulltrúa sóttvarnalæknis, almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra, Landbúnaðarstofnunar, Rannsóknastofu í veirufræði á Landspítala, slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins, sóttvarnalækna á höfuðborgarsvæðinu og Selfossi ásamt lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins og á Selfossi. Íslensku fulltrúarnir gerðu grein fyrir viðbragðsáætlunum vegna heimsfaraldurs influensu í mönnum og fuglainfluensu og þeirri vinnu sem tengdist þeim. Dvöl fulltrúanna lauk með fundi með heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og ráðuneytisstjóra í heilbrigðismálaráðuneytinu, ásamt starfsmönnum ráðuneytisins sem unnið hafa að viðbragðsmálunum. Á þeim fundi var kynnt bráðabirgðaskýrsla um viðbragðsáætlun Íslendinga. Fram kom að margt hefði verið vel gert, sérstaklega væri til fyrirmyndar samvinna sóttvarnalækna og almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra og einnig sú mikla áhersla sem lögð væri á samvinnu við önnur ráðuneyti, stofnanir, fyrirtæki og félög í landinu. Þá kom meðal annars fram að efla þyrfti enn frekar samskipti við sóttvarnalækna í héraði og viðkomandi

lögregluþyrirvöld og huga betur að upplýsingamiðlun einkum til almennings á farsóttartímum. Fulltrúar ECDC í heimsókninni voru prófessor Johan Giesecke, yfirmaður vísindadeildar ECDC, dr. Ines Steffens, ritstjóri Eurosurveillance, upplýsingadeild ECDC og dr. Patricia Santa Olalla frá spænska heilbrigðisráðuneytinu.

Æfingin Samábyrgð

Þann 10. desember 2007 var haldin æfingin Samábyrgð og var landsáætlunin æfð með þátttöku Samhæfingarstöðvarinnar, sóttvarnalækna svæða og umdæma, lögreglustjóra, Heilbrigðisráðuneytis, Dóms- og kirkjumálaráðuneytis, Utanríkisráðuneytis, Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri. Æfingin þótti takast vel og leiddi meðal annars í ljós að landsáætlunin er vel nothæf en þó ekki fullkomin. Skilgreina þarf frekar nokkra þætti og má þar sérstaklega nefna hvað felst í samkomubanni og takmörkunum á ferðafrelsi. Eins þarf að setja fram þau atriði sem þurfa að vera fyrir hendi til að hægt sé að aflétta sóttvarnaráðstöfunum.

Inflúensuvefurinn

Vefurinn, www.influenza.is var opnaður þann 7. desember 2007. Má segja að hugmyndin um opnun inflúensuvefs hafi komið frá fræðsluhópi sem var að störfum allt árið 2007. Vefurinn er samstarfsverkefni sóttvarnalækis, almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra, Umhverfisstofnunar og Landbúnaðarstofnunar. Markmið er að vista á einum stað upplýsingar til almennings um árlega inflúensu, heimsfaraldur inflúensu og fuglaflensu í mönnum og dýrum.

Bóluefni, inflúensulyf og hjúkrunarvörur

Keyptir hafa verið tíu þúsund skammtar af bóluefni gegn fuglainflúensu til landsins. Það er sóttvarnalækni sem hefur fyrir hönd heilbrigðisyfirvalda fest kaup á 10.000 skömmtum af bóluefni gegn fuglainflúensu (H5N1) fyrir menn. Það er framleitt af GlaxoSmithKline (GSK) og verður til taks ef veiran greinist hér á landi. Ákvörðun um hvenær og hverjum bóluefnið verður gefið verður tekin af sóttvarnalækni, en leiðbeiningar þar að lútandi hafa ekki verið gefnar út enn sem komið er. Ísland er eitt af fyrstu löndum heimsins til að tryggja sér birgðir af bóluefni gegn fuglaflensu. Einnig hafa íslensk heilbrigðisyfirvöld tryggt sér kauprétt á 300.000 skömmtum af bóluefni gegn heimsfaraldri inflúensu. Þá er búið að auka birgðir í landinu af einnota hlífðarbúningum fyrir viðbragðsaðila, haldin hafa verið þrjú námskeið í notkun hans á vegum sóttvarnalækis og gefnar hafa verið út leiðbeiningar um notkun veirulyfja í heimsfaraldri inflúensu og hafa þær verið birtar í Farsóttufréttum (4. árg 1. tölublað 2008).

Næstu skref og verkefnalok

Það má segja að fyrsta áfanga þessa stóra verkefnis ljúki með útgáfu landsáætlunar. Verkefnið er þess eðlis að því lýkur í raun aldrei. Því er mjög mikilvægt að skipta því upp í smærri þætti og halda settum markmiðum og tímamörkum. Verkefnastjórn telur raunhæft að setja eftirfarandi verkþætti inn í annan áfanga og jafnframt að honum ljúki um áramótin 2008-2009.

Fræðsla. Halda www.influenza.is virkri. Setja þar inn allt tiltækt fræðsluefni og þær upplýsingar sem til eru á hverjum tíma. Gera þarf gátlista fyrir heilbrigðisstofnanir og fylgja honum eftir með fræðslu.

Gátlisti um órofinn rekstur fyrirtækja. Ljúka gerð þessa gátlista í samvinnu við ASÍ, Samtök atvinnulífsins (SA), Samkeppnisstofnun og Viðskiptaráðuneytið. Vista gátlistann á www.influenza.is, á síðu SA og almannavarnadeildarinnar.

Heimasóttkví. Ljúka við gerð verklagsreglna um framkvæmd.

Hjálparáttir í inflúensufaraldri. Ljúka við upplýsingasöfnun og skoða samhæfingu og styrkingu í heimsfaraldri inflúensu. Samvinna er höfð við Vegagerðina, Rauða kross Íslands, Símann, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Læknavaktina.

Kynningar. Kynna landsáætlun fyrir þeim aðilum sem hafa hlutverk í áætluninni svo sem heilbrigðisstarfsfólki, lögreglumönnum, björgunarsveitum og þeim sem sinna ómissandi starfsemi eða þjónustu.

Lagerbald veirulyfja og búnaðar. Finna bestu staðsetningu, bestu umsjón og ganga endanlega frá skipulagi við dreifingu til sóttvarnalækna.

Samhæfingarstöðin. Skipuleggja þarf verkferla í heimsfaraldri, skilgreina lykiltölur (fjöldi viðbragðsaðila, birgðir nauðsynja og lyfja, heimili í sóttkví á hverjum tíma, fjöldi látinna, fjöldi nýrra tilfella og fleira), fræða og þjálf áhöfn. Setja upp fjarfundarbúnað. Hafa æfingu vegna heimsfaraldurs fyrir áhöfnina nóvember næstkomandi.

Stjórnskipulagið. Viðhalda aðgerðastjórnnum á sóttvarnasvæðum, til dæmis með árlegum fundi sóttvarnalækna og lögreglustjóra. Þjóða forstöðumönnum heilbrigðisstofnana til þessa funda og ef til fleiri hagsmunaaðilum.

Svæðisáætlanir. Ljúka gerð svæðisáætlana sem eru samhljóða landsáætlun í samvinnu við sóttvarnalækna umdæma og svæða og lögreglustjóra.

Vöktun á tímum heimsfaraldurs og áhættugreining. Skoða hvaða skráning er nauðsynleg og hvaða upplýsingar þarf að vakta með tilliti til áhættugreiningar. Finna bestu leið til að vista gögnin.

30. janúar 2008.

Fyrir hönd stýrihóps ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækna um viðbrögð við heimsfaraldri inflúensu.

Íris Mareldóttir